

Föstudaginn 29. október 1937.

Nr. 17/1937. **Olgeir Vilhjálmsson f. h. Aðalstöðvarinnar** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**Magnúsi Bjarnasyni**

(Einar B. Guðmundsson).

Uppsagnarfrestur bílstöðvarafgreiðslumanns.

*Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. febr. 1937:* Stefnur, Olgeir Vilhjálmsson f. h. Aðalstöðvarinnar, greiði stefnandanum, Magnúsi Bjarnasyni, kr. 640,00 með 5% ársvöxtum frá 13. janúar 1937 til greiðsludags og kr. 120,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 1. marz þ. á., og gert þær dómkröfur, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnda, og að stefndur verði dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnur hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem getur í hinum áfrýjaða dómi, þykir bera að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Olgeir Vilhjálmsson f. h. Aðalstöðvarinnar, greiði stefnda, Magnúsi Bjarna-

syni, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 13. janúar 1937 af Magnúsi Bjarnasyni bifreiðaafgreiðslumanni, Bræðraborgarstíg 10 hér í bæ, gegn Olgeir Vilhjálmssyni, Barónstíg 43 hér í bænum, f. h. Aðalstöðvarinnar til greiðslu kr. 640,00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, og að sér verði tildæmdur málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að 28. apríl 1930 stofnaði stefnandi, ásamt öðrum manni hér í bænum, fólksflutningabifreiðastöð, er þeir nefndu Aðalstöðina. Sama ár seldi stefnandi nýstofnuðu hlutafélagi nafnið á stöðinni, og hélt það áfram rekstri hennar. Hlutafélag þetta var skrásett 31. desember 1930, og gerðist stefnandi þegar framkvæmdarstjóri þess og var það, unz félagið hætti rekstri sumarið 1933. Var félag þetta afskráð 31. desember 1933.

Áður en eiginleg félagsslit fóru fram, var annari bifreiðastöð falin afgreiðsla bifreiða þeirra, er á Aðalstöðinni höfðu verið, en margir bifreiðastjórnanna voru óánægðir með þetta fyrirkomulag. Um áramótin 1933 og '34 tóku nokkrir bifreiðastjórnar sig þessvegna saman og endurreistu stöðina og réðu stefnanda til sín sem framkvæmdastjóra 1. febrúar 1934 til óákveðins tíma.

Um áramótin 1934 og '35 tók stefndur í máli þessu við stöðinni og yfirfærðist því ráðningarsamningur stefnanda, sem þó starfaði áfram á stöðinni, á stefndan. Með bréfi dags. 28. nóv. 1936 sagði stefndur stefnanda upp starfi hans frá 1. jan. 1937 að telja. Í bréfi dags. 18. des. 1936 tjáði stefnandi stefndum, að hann myndi ekki sætta sig við svona stuttan uppsagnarfrest, þar eð hann teldi sig eiga rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Skv. þessu bauðst stefnandi til að starfa í þjónustu stöðvarinnar til 1. marz 1937, enda væri stefnandi skyldur að greiða sér kaup til þess tíma, og myndi hann gera kaupkröfuná gildandi lögum samkvæmt, ef þessu tilboði hans yrði ekki tekið. Í bréfi

dags. 21. des. 1936 tjáði stefndur stefnanda, að hann héldi fast við fyrri uppsögn. Taldi hann eins mánaðar uppsagnarfrest nægilegan og hætti stefnandi því störfum hjá stefndum 1. jan. s. l.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að sér hafi borið þriggja mánaða uppsagnarfrestur, en hann hafi aðeins fengið greiðslu fyrir einn mánuð þess tíma. Ógreitt sé því fyrir tvo mánuði, eða samtals 640,00 kr., því að kaupid hafi verið kr. 250,00 á mánuði og auk þess hafi stefndandi sjálfur haft eina bifreið á stöðinni, en þau hlunindi eru aðiljar sammála um að telja 70.00 kr. virði á mánuði.

Stefndur byggir sýknukröfu sína aðallega á því, að störf stefnanda hjá stefndum hafi ekki verið svo veigamikil, að hann hafi getað átt rétt á þriggja mánaðar uppsagnarfresti. Stefnandi hafi að eins verið aðstoðarmaður sinn á stöðinni, en hann hafi sjálfur verið sá eiginlegi afgreiðslumaður. Störf stefnanda hafi aðallega verið að skrifa reikninga upp úr kladda, sem haldinn hafi verið yfir bifreiðaferðir, sem ekki voru greiddar þegar í stað, og svo að innheimta þessa reikninga. Í þetta hafi fyrri helmingur hvers mánaðar gengið, en síðari hluta mánaðar hafi stefnandi verið sér til aðstoðar á stöðinni, og hafi þeir þá haft regluleg vaktaskipti. Þá telur stefndur stefnanda ekki hafa haft heimild til að taka aðrar ákvarðanir fyrir stöðina en þær, sem óhjákvæmilegt sé hverjum bifreiðaafgreiðslumanni. Enga óvenjulega hæfileika né menntun hafi þurft til þess að annast störf stefnanda, heldur að eins venjulega skriftarkunnáttu og heilbrigða skynsemi. — Af þessu telur stefndur leiða, að stefnandi hafi ekki átt rétt á meira en eins mánaðar uppsagnarfresti og vitnar því til stuðnings til hæstaréttardóms frá 3. nóv. 1933 í skyldu máli, og þar eð hann hafi fengið þann frest, eigi hann engar kröfum á hendur sér út af of skömmum uppsagnarfresti. —

Í málinu er upplýst, að stefnandi og stefndur unnu báðir við afgreiðslustörf á Aðalstöðinni, og virðast þeir hafa skipzt á um störfin á þann hátt, að annan daginn vann stefnandi frá kl. 7 f. h. til 12½ á hádegi og 7½ að kveldi til 1 á miðnætti, eða 11 tíma, en hinn daginn frá 12½ á hádegi til 7½ að kveldi, eða 7 tíma. Á varðtíma stefnanda var það í verkahring hans, að taka ákvarðanir um allar bifreiðaferðir,

semja um verð fyrir þær, skipta þeim á milli bifreiðastjóranna og hafa á hendi nauðsynlegt bókhald um ferðir þær, er farnar voru á þeim tíma, sem hann var við afgreiðslu, svo og um innieignir bifreiðastjóra hjá viðskiptamönnum. Innheimtu hefir stefnandi og haft á hendi fyrir stöðina, án þess að vel sé ljóst, hvernig því starfi hans hefir verið varið, en í flutningi málsins hefir umboðsmaður hans haldið því fram, án þess að því hafi verið hnekk, að innheimtuna hafi stefnandi annast utan venjulegs vinnutíma. Þrátt fyrir nefndan hæstaréttardóm, sem laut að afgreiðslustarfi á vörubílastöð seint á árinu 1931, verður ekki talið, að nein venja sé til um lengd uppsagnarfrests í slíku vinnusambandi sem hér um ræðir. En þegar litið er á aðdraganda máls þessa og það, hversu störf stefnanda virðast hafa verið mikilvæg fyrir rekstur stöðvarinnar og jafnframt sjálfstæð, þótt stefndur væri að vísu yfirmaður hans, og þess, að föst venja verður að teljast hafa myndast um það, að venjulegir verzlunar- og skrifstofumenn, sem að jafnaði ekki sinna ábyrgðarmeiri störfum en stefnandi gerði, eigi rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, þá verður rétturinn að fallast á það með stefnanda, sem bauð fram vinnu sína, meðan fresturinn væri að líða, að hann eigi rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, hafi hann ekki á neinn hátt fyrirgert honum, og verður það nú athugað.

Stefnandi verður að teljast hafa mótmælt uppsagnarfrestinum sem of stuttum á tilhlýðilegan hátt, sbr. áðurgreind bréf, enda er því ekki neitað af stefndum. Hinsvegar hefir stefndur til vara byggt sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi verið að undirbúa stofnun nýrrar bifreiðastöðvar, og hafi hann þannig óbeint unnið á móti stofnun þeirri, sem hann starfaði hjá. Þetta hafi heimilað sér að segja stefnanda upp fyrirvaralaust eða a. m. k. með minni fyrirvara en ella. — Stefnandi hefir játað, að hann hafi unnið að þessu, en telur það á engan hátt hafa valdið stefndum né atvinnu hans nokkru tjóni, og kveðst hann aldrei hafa leynt þessu fyrir stefndum. Þar sem stefndur hefir ekki sannað, að þessi ráðagerð stefnanda hafi á nokkurn hátt verið fyrirtæki því, sem hann vann hjá, til tjóns, og rétturinn verður að telja, að hér hafi að eins verið um eðlilega tilraun hjá stefnanda að ræða til að skapa sér betri lífsskilyrði, en alls ekki gert í þeim tilgangi, að

skaða fyrirtæki það, sem hann starfaði hjá, þá telur rétturinn hérgreinda ástæðu ekki geta haft þau áhrif, að heimilt hafi verið að segja stefnanda upp með minna en þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Skv. framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að kröfur stefnanda verða allar teknar til greina, og þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn kr. 120.

---

---